

LÖG

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 11. gr. bætist ný málsgrein er verði 8. mgr. og orðist svo:

Nú hefur sjómaður stundað sjómennsku í 25 ár eða lengur að hluta eða öllu leyti á opnum báti eða þilfarsbáti undir 12 brl., eða af öðrum ástæðum ekki borið skylda til lögskráningar og er þá heimilt að úrskurða honum ellilífeyri frá og með 60 ára aldri, enda sé sannað að sú sjómennska hafi verið aðalstarf viðkomandi meðan á henni stóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 67/1971, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

*Gjört í Reykjavík, 29. mars 1982.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Svavar Gestsson.

LÖG

um breyting á lyfsölulögum, nr. 30/1963.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

7. gr., 1. mgr. orðist svo:

Lyfsöluleyfi má veita einstaklingum, lyfsölusjóði og Háskóla Íslands, samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Forseti Íslands veitir einstaklingum lyfsöluleyfi, en ráðherra staðfestir ráðningu forstöðumanna lyfjabúða, sem reknar eru af stofnunum, enda uppfylli þeir skilyrði 1. mgr. 9. gr.

Handhafa lyfsöluleyfis er skylt að hlíta ákvæðum laga og stjórnvaldsreglna um réttarstöðu hans og starfshætti svo sem þau eru á hverjum tíma.

2. mgr. 7. gr. verður 3. mgr. 7. gr. o. s. frv.

2. gr.

Aftan við orðin „Forstöðumaður slíkra lyfjabúða“ í 2. mgr. 9. gr. komi: svo og forstöðumaður lyfjabúðar Háskóla Íslands.